

Reykjavík 23. Febrúar 2017

Umsögn Félags leiðsögumanna um:

146. löggjafarþing 2016–2017.

Þingskjal 187 — 128. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga um farpegaflutninga og farmflutninga á landi.

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Í frumvarpinu er 9. gr. svo hljóðandi:

*Akstur sérútbúinna bifreiða.*

*Samgöngustofa veitir leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.*

Að okkar mati þá er í 9. gr. Samgöngustofu veitt of víðtækt leyfi til skilgreiningar á því hvernig bifreiðar eru leyfðar til þjónustu við ferðamenn. Ferðamaðurinn á sjálfur rétt á því að velja hvernig bifreið hann vill ferðast í með bílstjóra.

Við óskum því eftir því að fólksbifreiðar verði leyfðar til notkunar í ferðaþjónustu. Krafan sé eftir sem áður að bílstjórinn sem með réttindi til aksturs með farþega gegn greiðslu. Gera má kröfu um að bifreiðin sé útbúin slökkvitæki og fyrstu hjálpar búnaði (sjúkrakassa). Til aðgreiningar frá leigubílaakstri sé leiðarlýsing til staðar fyrir hverja ferð.

F.h. Tækninefndar Félags leiðsögumanna

Gunnar Þór Gunnarsson ritari